



Úttekt á gæðamálum íslenskukennslu fyrir fullorðið fólk með annað móðurmál en íslensku

Október, 2023



HÍ

FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN

Lýsing á rannsókn

Unnið fyrir	Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið
Markmið rannsóknar	Að gera úttekt á gæðamálum viðurkenndra fræðsluaðila sem sjá um íslenskukennslu fyrir útlendinga.
Útgefandi	Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2023
Skýrsluhöfundar	Ólöf Júlíusdóttir Guðbjört Guðjónsdóttir

EFNISYFIRLIT

HELSTU NIÐURSTÖÐUR	3
INNGANGUR.....	5
AÐFERÐ OG FRAMKVÆMD	6
VIÐTÖL VIÐ VIÐURKENNDA FRÆÐSLUAÐILA.....	6
NIÐURSTÖÐUR ÚR KENNSLUKÖNNUNUM	7
RÝNIHÓPAR MEÐ FÓLKI SEM HEFUR SÓTT ÍSLENSKUNÁMSKEIÐ	8
NIÐURSTÖÐUR	8
VIÐTÖL VIÐ FRÆÐSLUAÐILA.....	9
KENNSLUKANNANIR.....	22
RÝNIHÓPAR – SJÓNARHORN INNFLYTJENDA.....	24
NIÐURLAG.....	32
HEIMILDIR	33
VIÐAUKI A	33

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Fræðsluaðilar

- Fræðsluaðilar fylgja flestir námskrá *Íslenska fyrir útlendinga - grunnnám*. Námskráin var sögð úrelt og nauðsynlegt að endurskoða og samræma betur við Evrópska tungumálarammann.
- Námskrá þarf að taka mið af ólíkum bakgrunni fólks sem kemur frá ólíkum málsvæðum eða hefur mismikla formlega menntun að baki. Fjöldi kennslustunda námskeiða þarf að miðast við ólíkan hóp nemenda.
- Íslensk útfærsla Evrópska tungumálarammans var gagnrýnd fyrir skort á faglegri umgjörð. Það vantar að tilgreina nánar hvaða atriði eiga að vera í hverju stigi.
- Gróska er í námsgagnagerð meðal fræðsluaðila en kallað var eftir aðkomu stjórnvalda til að uppfæra og útbúa námsgögn sem henta einstaklingum á ólíku getustigi. Efni á vefsíðu Tungumálatorgs þarf að endurskoða.
- Sjaldgæft er að nemendur séu prófaðir að loknu námskeiði, en kennarar mátu hvort nemendur kæmust yfir á næstu stig.
- Allir fræðsluaðilar starfa eftir gæðakerfi en mismunandi er eftir hvernig kerfi þeir starfa.
- Fjöldi fræðsluaðila höfðu fengið EQM/EQM+ gæðavottun, þó voru skiptar skoðanir á því hversu vel gæðakerfið hentaði íslenskukennslunni.
- Kennslukannanir voru yfirleitt notaðar til að meta gæði náms og kennslu. Niðurstöðurnar gáfu þó oft takmarkaða mynd og mörgum þótti gagnlegra að ræða við nemendur um námið og kennsluna til að bæta starfið.
- Til að hægt sé að bera saman og fá heildarmynd af ánægju nemenda með íslenskunámskeið þurfa fræðsluaðilar að geta lagt fyrir nákvæmlega sömu spurningar sem þróaðar eru miðlægt í samvinnu við fræðsluaðila.
- Kennarar íslenskunámskeiða hafa fjölbreyttan bakgrunn og menntun. Kostur þótti ef kennarar hefðu háskólamenntun í íslensku og kennslufræði en ekki er nægt framboð af menntuðum kennurum.
- Fjármagn sem fræðsluaðilar fá úthlutað er eingöngu ætlað til kennslu en ekki gert ráð fyrir stuðningi við endurmenntun kennara.
- Kallað var eftir miðlægri endurmenntun þar sem kennarar gætu meðal annars menntað sig í fullorðinsfræðslu og rafrænum kennsluháttum í tungumálanámi.

- Styrkveitingar voru gagnrýndar fyrir að vera ógagnsæjar og ófaglegar. Reglur um úthlutun styrkja til íslenskukennslu fyrir útlendinga voru sagðar úreltar og hamlandi fyrir rekstrarumhverfi fræðsluaðila, sem sé ófyrirsjáanlegt frá ári til árs.
- Styrkveitingar eru háðar nemendafjölda. Fram kom að fræðsluaðilar á landsbyggðinni sem sinntu dreifðum svæðum áttu erfitt með að uppfylla kröfur um nemendafjölda.
- Í heildina var óskað eftir skýrari umgjörð um íslenskukennslu fyrir útlendinga af hálfu stjórnvalda.

Nemendur sem höfðu sótt íslenskunámskeið

- Námskeiðin höfðu gagnast nemendum ágætlega og voru þeir ánægðir þegar fjölbreyttar kennsluaðferðir og námsefni voru nýtt í kennslu. Nemendum fannst mikilvægt að geta valið á milli fræðsluaðila sem kenndu námskeiðin með ólíkum hætti.
- Nemendur vildu geta sótt íslenskunámskeið þar sem námsefnið væri útskýrt á öðru tungumáli en á íslensku, t.d. pólsku eða ensku. Sérstaklega þegar um byrjendanámskeið er að ræða.
- Nemendur vildu hafa val um að geta sótt námskeið sem hefðu ólíkar áherslur, hvort áherslan væri meira á málfræði eða talað mál.
- Námsbókaflokkurinn *Íslenska fyrir alla* var gagnrýndur fyrir að vera óspennandi og draga úr áhuga á náminu.
- Nemendum þótti mikilvægt að kennari sýni þolinmæði og skilning. Einnig var talið mikilvægt að kennarar væru vel að sér í íslenskri málfræði og gætu svarað spurningum nemenda um málfræði.
- Upplýsingar um framboð námskeiða þyrftu að vera aðgengilegri og var lagt til að allar upplýsingar um fræðsluaðila og sérstöðu þeirra væri hægt að nálgast á einum stað á internetinu.
- Auk íslenskukennslu þótti brýnt að útlendingum byðist hagnýt fræðsla um íslenskt samfélag.

INNGANGUR

Mikil fjölgun innflytjenda og flóttafólks á Íslandi undanfarin ár undirstrikar mikilvægi íslenskukennslu fyrir fullorðið fólk með annað móðurmál en íslensku. Nauðsynlegt er að endurskoða íslenskukennsluna og sníða hana þannig að hún nýtist nemendum sem best. Að beiðni félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins gerði Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands úttekt á gæðamati og starfi viðurkenndra fræðsluaðila sem sjá um íslenskukennslu fyrir útlendinga. Úttektin er, ásamt fleiri rannsóknum tengdum íslenskukennslu fyrir útlendinga, hluti af heildarendurskoðun á framhaldsfræðsluferfinu og lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010. Viðurkenndir fræðsluaðilar eru þeir sem öðlast hafa viðurkenningu á grundvelli 7. gr. laga um framhaldsfræðslu og reglugerð nr. 1163/2011. Í 4. gr reglugerðarinnar kemur fram að skilyrði þess að fræðsluaðili geti hlotið viðurkenningu séu meðal annars:

að innra gæðakerfi fræðsluaðila fullnægi skilyrðum IV. kafla laga um framhaldsfræðslu um mat og eftirlit með gæðum.

Til að geta fengið styrk fyrir íslenskukennslu úr opinberum sjóðum þurfa fræðsluaðilar að vera viðurkenndir. Úttektin náði til 18 fræðsluaðila sem sendu Rannís niðurstöður námskeiðsmats sem hluta af uppgjöri aukaúthlutunar á árunum 2021–2022. Aukaúthlutuninni var ætlað að mæta neikvæðum áhrifum kórónuveirufaraldurs á störf innflytjenda og hvetja þá til virkni og tungumálanáms.

Markmið úttektarinnar var að greina stöðu gæðakerfa viðurkenndra fræðsluaðila, greina tækifæri til umbóta og auka gæðavitund og gæðastarf fræðsluaðila til hagsbóta fyrir fullorðna innflytjendur þannig að umgjörð málaflokksins og námsþjónusta þróist. Tekin voru viðtöl við eftirtalda fræðsluaðila: Mímir símenntun, Dósaverksmiðjan – Tungumálaskóli, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, Fræðslunetið – símenntun á Suðurlandi, Austurbrú, Símenntun á Vesturlandi, Samband íslenskra Kristniboðsfélaga, Múltíkultí – Málamiðstöð, Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Símeý – símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar, Viska – fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja, Þekkingarnet Þingeyinga, Farskólinn – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra, Saga Akadémía, Retor, Betri árangur og Fisktækniskólinn. Auk þess voru haldnir tveir rýnihópar með fólki sem sótt hafði íslenskunámskeið hjá einhverjum fræðsluaðilanna. Allir þeir sem lögðu rannsókninni lið fá bestu þakkir fyrir sitt framlag.

Í köflunum hér á eftir er fyrst gerð grein fyrir aðferð og framkvæmd rannsókna og þátttakendum. Því næst eru niðurstöður greiningar á viðtölum við viðurkennda fræðsluaðila ásamt upplýsingum um námskeiðsmat sem fræðsluaðilar skiluðu inn til Rannís. Síðasti hluti

niðurstöðukaflans byggir á rýnihópum fólks sem sótt hafa íslenskunámskeið. Að lokum eru helstu niðurstöður dregnar saman og komið fram með hagnýtar ábendingar sem byggja á niðurstöðum rannsóknarinnar.

AÐFERÐ OG FRAMKVÆMD

Notast var við eigindlegar aðferðir í úttektinni en niðurstöður þeirrar nálgunar eru gjarnan lýsandi, ítarlegar og til þess fallnar að dýpka skilning á efninu sem um ræðir og útskýra flókin tengsl (Esterberg, 2002). Rýnihóparannsókn byggist á hópviðtölum, í samræðuformi, þar sem þátttakendur eru valdir með ákveðnum hætti til að ná fram markmiðum rannsóknarinnar. Aðferðin er sérstaklega gagnleg þegar rannsóknin kallar eftir fjölbreyttum viðhorfum, reynslu og gildismati gagnvart viðfangsefninu sem er til umræðu. Með aðferðinni er hægt að safna gögnum, á fremur stuttum tíma, þar sem margvísleg viðhorf koma fram. Tilgangur rýnihópa er ekki að fá alla til að vera sammála heldur ná fram fjölbreyttum viðhorfum til efnisins sem verið er að ræða (Sóley Sesselja Bender, 2021).

Gagnaöflun fór fram frá mars til ágúst 2023. Tekin voru viðtöl við viðurkennda fræðsluaðila og rýnihópaviðtöl við einstaklinga sem höfðu sótt íslenskunámskeið fyrir útlendinga. Einnig var rýnt í niðurstöður kennslukannana sem fræðsluaðilar sendu Rannís.

Viðtöl við viðurkennda fræðsluaðila

Í janúarmánuði 2023 upplýsti félags- og vinnumarkaðsráðneytið viðurkennda fræðsluaðila um að til stæði að gera úttekt á gæðum íslenskukennslu fyrir útlendinga. Í kjölfarið sendi verkefnisstjóri Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands stjórnendum tölvupóst þar sem óskað var eftir að fundinn yrði hentugur tími fyrir viðtal með stjórnendum, kennurum og öðrum sem hefðu þekkingu á málaflokknum.

Viðtölin við viðurkennda fræðsluaðila voru 17 talsins¹ og stóðu flest yfir í um 90 mínútur. Fræðsluaðilar völdu sjálfir hvaða fulltrúar frá þeim mættu í viðtal. Í þau mættu m.a. framkvæmdastjórar, forstöðukonur/menn, eigendur tungumálaskólanna, verkefnastjórar, íslenskukennarar, náms- og starfsráðgjafar og gæðastjórar. Heildarfjöldi þeirra sem mættu í viðtal var 50, sjá töflu 1. Stuðst var við viðtalsramma sem var unninn út frá áherslum verkkaupa. Öll viðtölin fóru fram í gegnum fjarfundarbúnað og voru viðtölin hljóðrituð og afrituð

¹ 18 fræðsluaðilar hlutu viðbótarúthlutun frá Rannís, en Landbúnaðarháskólinn fól Mími að sjá um íslenskukennsluna fyrir sig og því var ekki tekið viðtal við fulltrúa hans.

orðrétt. Við úrvinnslu voru umræður viðtala flokkaðar í þemu í samræmi við viðtalsramma og þau þemu sem liggja þar til grundvallar.

Tafla 1. Nöfn fræðsluaðila og fjöldi þeirra sem mættu í viðtal

Fræðsluaðilar	Fjöldi
Mímir símenntun	7
Dósaverksmiðjan – Tungumálaskóli	5
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	4
Fræðslunetið - símenntun á Suðurlandi	4
Austurbrú	4
Símenntun á Vesturlandi	3
Samband íslenskra Kristniboðsfélaga	3
Múltíkúltí – Málamiðstöð	3
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	3
Símei – símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar	2
Viska - fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja	2
Þekkingarnet Þingeyinga	2
Farskólinn – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra	2
Saga Akademía	2
Retor	2
Betri árangur ehf.	1
Fisktækniskólinn	1
17	50

Niðurstöður úr kennslukönnunum

Fræðsluaðilar sem fengu aukaúthlutun frá Rannís fyrir árin 2021 – 2022 skiluðu niðurstöðum úr kennslukönnunum til Rannís, og er það í fyrsta sinn sem óskað hefur verið eftir þessum upplýsingum. Eftirtaldir aðilar skiluðu niðurstöðum: Austurbrú, Betri árangur, Farskólinn, Fræðslunetið - Símenntun á Suðurlandi, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, Mímir, Múltíkúltí, Retor, Saga Akademía, Samband íslenskra Kristniboðsfélaga, Símei, Dósaverksmiðjan tungumálaskóli, Viska - fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja og Þekkingarnet Þingeyinga. Rannsakendur fengu gögnin í hendur en í einhverjum tilvikum var ekki hægt að opna skjölin sem skilað hafði verið. Rýnt var í gögnin og stutt samantekt skrifuð. Til að glöggva sig betur á hvernig námskeiðsmat var lagt fyrir nemendur kallaði rannsakandi eftir kennslukönnunum hvers fræðsluaðila fyrir sig og sendu flestir fræðsluaðilar umbeðin gögn (sjá viðauka A).

Rýnihópar með fólki sem hefur sótt íslenskunámskeið

Við val á þátttakendum í rýnihópum var haft samband við fræðsluaðila og þeir beðnir um að benda á mögulega þátttakendur sem sótt höfðu námskeið í íslensku 1 eða íslensku 2. Haft var samband við þá sem bent hafði verið á og þeim boðið að taka þátt í rýnihópunum.

Í rýnihópunum tóku alls 14 einstaklingar þátt, tíu konur og fjórir karlar á aldrinum 25 – 62 ára. Þátttakendur voru af ólíku þjóðerni og þjuggu víðs vegar um landið. Þeir höfðu búið mislengi á Íslandi, allt frá sjö mánuðum upp í þrjú ár. Allir höfðu tekið námskeið hjá mismunandi fræðsluaðilum og sumir hjá fleiri en einum. Einhverjir höfðu tekið fleiri en þrjú námskeið. Viðtalsrammi fyrir rýnihóp var unnin af rannsakanda og hann síðan borinn undir formann samstarfshóps um heildarendurskoðun framhaldsfræðslu. Meginþemu viðtalsramma voru: mikilvægi þess að læra íslensku, að læra og kenna íslensku, fræðsluaðilar og stjórnvöld. Viðtölin fóru fram í gegnum fjarfundarbúnað og voru tekin upp með leyfi þátttakenda og afrituð.

NIÐURSTÖÐUR

Í þessum hluta er gerð grein fyrir niðurstöðum greiningar á viðtölum við viðurkennda fræðsluaðila, niðurstöðum kennslukannana og rýnihópum þeirra sem sótt hafa íslenskunámskeið. Úr viðtölum við fræðsluaðila verður fyrst farið yfir þá þætti sem snúa að námi og kennslu. Sú yfirferð er nauðsynleg til að fá skýrari heildarmynd af gæðastarfinu. Fjallað er um íslenskukennslu fyrir útlendinga, námsefni sem verið er að kenna, kennsluhætti, tengsl námskeiða við evrópska tungumálarammann, stöðumat og námsmat nemenda og það þróunarstarf sem fræðsluaðilar taka þátt í. Að því loknu verður gerð grein fyrir umræðum fræðsluaðila um gæðamat þeirra, en það er í flestum tilvikum kennslukannanir, þeim hæfnikröfum sem gera má til kennara og leiðbeinenda sem kenna íslensku fyrir útlendinga, og því gæðakerfi sem er til staðar. Þar á eftir er rýnt í niðurstöður kennslukannana sem skilað var til Rannís. Síðasti hluti niðurstöðukaflans greinir frá rýnihópum með fólki sem hafði sótt íslenskunámskeið og upplifun þeirra og viðhorfum varðandi mikilvægi íslenskunáms fyrir þátttöku þeirra í samfélaginu, ólíkum gerðum námskeiða og kennsluháttum, kennurum og tillögur viðmælenda um úrbætur.

Viðtöl við fræðsluaðila

Námskrá og evrópski tungumálaramminn

Fræðsluaðilar fylgja flestir námskránni *Íslenska fyrir útlendinga - grunnám* sem gefin var út af menntamálaráðuneyti árið 2008. Námskránni er ætlað að vera leiðbeinandi um íslenskukennslu á grunnstigi fyrir fullorðna útlendinga. Sumir fræðsluaðilar bjóða einnig upp á námskeið þar sem námskrá Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins: Íslensk menning og samfélag, er fylgt. Umræður snéru þó aðallega um námskrána *Íslenska fyrir útlendinga*. Fræðsluaðilar sögðu gjarnan að námskráin væri „úrelt,“ og bentu á að það þyrfti „að endurskoða allar námskrár og áfangalýsingar.“ Námskrána þyrfti að uppfæra í takt við nýja tíma hvað varðar tækninýjungar t.d. aukna áherslu á fjarnám og samfélagsbreytingar þar sem fleiri kyn væru viðurkennd í dag en þegar hún var gefin út. Námskráin þyrfti einnig að taka mið af því að fjölbreyttur hópur einstaklinga sækir nám í íslensku, menntun þeirra er mismikil, sumir hafa litla eða enga skólagöngu að baki, hafa hvorki lært að lesa né skrifa og/eða hafa enga þekkingu á latnesku stafrófi. Áskorun fræðsluaðila felst því jafnan í því að kenna fólki sem er á ólíku getustigi. Í námskránni er skilgreindur fjöldi kennslustunda fyrir hvern íslenskuáfanga. Fram kom hjá viðmælanda að breyta þyrfti viðmiðum í námskránni um fjölda kennslustunda fyrir hvert stig þar sem getustig nemenda er svo ólíkt.

Uppfæra þarf námskrána og taka tillit til þess að fólk er af ólíkum málsvæðum, hefur mis mikla menntun að baki og/eða er kannski ekki læst. Því skýtur skökku við að hafa allt bundið við ákveðinn fjölda kennslustunda.

Dæmi var um að fræðsluaðilar aðlöguðu efnisatriði úr námskrá á milli námskeiða og hópa á ólíku getustigi þannig að nemendur réðu betur við efnið: „Við færum efni á milli bóka ef okkur finnst eitthvað of flókið fyrir eitt stig og já ég held við höfum bara verið að fara alveg eftir okkar tilfinningu hvað hentar best hverju stigi.“ Fræðsluaðilar töldu hvert stig of yfirgripsmikið og voru vonsviknir yfir að námskráin væri ekki betur tengd evrópska tungumálarammanum. Námskráin var meðal annars gagnrýnd fyrir að vera gefin út í stigum en ekki út frá skiptingum í rammanum sjálfum: „Það ætti að hætta að tala um íslensku 1, 2, 3, eins og er í námskrá heldur tala um námskeiðin út frá tungumálarammanum.“ Fræðsluaðilar bentu á að það skorti verkfæri til að geta starfað samkvæmt rammanum. Íslensk útfærsla rammans var gagnrýnd fyrir skort á faglegri umgjörð og að ekki væri tilgreint hvaða atriði ættu að vera í hverju sigi fyrir sig, líkt og gert hefur verið víða annars staðar:

Það vantar náttúrulega skilgreiningar fyrir íslensku þar. Það er ekki til neitt nema þetta eina blað sem er bara yfirlit yfir hvað þetta gæti innihaldið. Ráðuneytið setti þetta sem kröfu fyrir því að fá styrk, að við færum að tengja námskeiðin við þennan ramma, mér finnst það ekki faglegt þegar maður hefur í rauninni ekki neinn stuðning. Maður veit ekki hvar íslenskan stendur þar. Er þetta A1 eða er þetta A2, þú veist, það vantar skilgreiningar, já bara sem dæmi fallstýring, hvar fellur hún inn í?

Önnur gagnrýni beindist að því að tengja þyrfti betur evrópska tungumálarammann við námsefni í íslenskukennslu og þann tímafjölda sem áætlaður er í hvert stig.

Nokkrar símenntunarmiðstöðvar, Mímir, Símei og Austurbrú, eru þátttakendur í NordPlus verkefni þar sem verið er að búa til kennslulýsingar fyrir námskeið í samræmi við hæfniviðmið rammans og markmið. Þá kom fram að nauðsynlegt væri að útfæra sameiginlega sýn á tungumálarammann og hvað eigi að kenna á hverju stigi:

Eins og til dæmis bara að heilsa, er nóg að segja halló og bæ eða góðan daginn eða þarf að kenna sæl og sæll. Komdu sæll og blessaður. Vertu margblessaður og sæll. Þarf að kenna það á A1?

Sömu símenntunarmiðstöðvar eru einnig í samstarfi við Studieskolen² í Danmörku sem kennir útlendingum dönsku. Að sögn viðmælenda er unnið mun dýpra með tungumálarammann á hinum Norðurlöndunum, einnig með hliðsjón af bakgrunni nemandans: „...hvort þú ert með litla menntun eða ert með ólæsi eða hvernig forsendur þú hefur til að læra málið, hve marga tíma þú þarft.“ Til að mynda eru samanlagt fjögur námskeið á grunnstigi A1 og A2, og átta námskeið á millistigi B1 og B2 í Studieskolen.³

Nám og kennsla, námsgögn og kennsluaðferðir

Fræðsluaðilar hafa margir hverjir sína sérstöðu; sumir leggja mikla áherslu á málfræði líkt og Saga Akadémía á meðan að yfirskrift Dósaverksmiðjunnar er „tungumál, menning, saga, matur og skemmtun,“ þar sem hluti af náminu er að elda saman og fara á söfn og læra íslensku í gegnum leik og starf samhliða bóklegu námi. Sumir fræðsluaðilar bjóða upp á einkatíma, aðrir upp á námskeið þar sem börn eru einnig velkomin og margir bjóða upp á vefnámskeið. Kristniboðssambandið býður öllum útlendingum upp á íslenskunámskeið þeim að

² Sjá nánar um Studieskolen hér: <https://www.studieskolen.dk/da>

³ Sjá nánar um ólík stig evrópska tungumálarammans hér: <https://www.studieskolen.dk/en/danish/european-framework-of-reference>

kostnaðarlausu. Stærstur hluti þeirra nemenda eru umsækjendur um alþjóðlega vernd sem ekki hafa kennitölu og því í viðkvæmri stöðu. Flestir fræðsluaðilar hafa einhvern tímann kennt starfstengd íslenskunámskeið.

Starfstengd íslenskunámskeið

Á starfstengdu námskeiðunum er meðal annars farið yfir starfstengdan orðaforða. Í því skyni hafa fræðsluaðilar þróað námsefni í kringum starfstengdu námskeiðin t.d. efni sem tengist orðaforða sem notaður er í skrifstofustörfum, umönnunarstörfum, í leikskólastarfi, í ferðamálum og fiskvinnslu svo eitthvað sé upptalið.

Austurbrú er að þróa app þar sem sjónum er beint að atvinnumiðaðum orðaforða en með appinu verður hægt er að læra á samfélagið samhliða grunnatriðum íslenskunnar, A1 samkvæmt evrópska tungumálarammanum, en vonir standa til að appið þróist einnig yfir á önnur stig tungumálrammans.⁴ Appið er unnið í samstarfi við nemendur skólans og er m.a. þróað til að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda:

Þeir ljá appinu raddirnar sínar svo að appið læri að þekkja ólíkar raddir og hreima. Eins og til dæmis margir segja eins og þeir sem koma frá Austur-Evrópu segja „stúndum“ og svo framvegis og þá verður bara eins og þetta sé frávik bara svona viðurkennd frávik þannig að þeir geta frekar, geta frekar skilið hana.

Þó að markmiðið sé að kenna fólki atvinnutengdan orðaforða þá þarf fólk að hafa einhverja þekkingu í íslensku til að geta tjáð sig og því þarf oft fyrst að byrja á að fara yfir grunn íslenskunnar. Þetta fannst viðmælendum áskorun: „Það er ekki hægt að kenna fólki einhvern flókinn umönnunarorðaforða eða kennslufræðilegan orðaforða þegar það á í erfiðleikum bara með grunnsamskipti.“ Áður en farið var af stað með námskeið inni á vinnustöðum var oft gerð þarfagreining. Fyrirtæki og starfsfólk hafði stundum séróskir varðandi efnistöð, kennslu eða tungumálabakgrunn kennara og það var reynt að verða við því. Fræðsluaðilar voru að þreifa sig áfram með útfærslur á starfstengdu íslenskunámi. Fræðslunetið Símenntun á Suðurlandi hafði til dæmis þróað starfstengt íslenskunám sem kallast „íslenska á gólfinu.“

Kennarinn er bara í vinnunni með starfsmönnunum og er að byggja upp orðaforða í vinnunni. Hjúkrunarheimili til dæmis, þá kemurðu inn á hjúkrunarheimilið og labbar með fólkinu í vinnunni og útbýrð orðalista fyrir

⁴ Hlaut styrk úr Markáætlun í tungu og tækni.

það og hérna [...] Og við eigum orðalista fyrir hjúkrunarheimili núna, já á pólsku, ensku og íslensku.

Þegar starfstengd námskeið eru kennd á vinnustöðum á vinnutíma skiptir að mati viðmælenda máli að starfsfólk og vinnumarkaðurinn sýni sveigjanleika, sérstaklega þegar um vaktavinnu er að ræða. Mikilvægt er að fyriræki sem hafa útlendinga í vinnu sýni ábyrgð á málaflokknum og setji í forgang að starfsfólk læri íslensku á vinnutíma. Atvinnulífið og stéttarfélög þurfa að axla ábyrgð á því að starfsfólki sé auðveldað að læra íslensku:

Atvinnulífið þarf líka að axla þarna ákveðna ábyrgð. Þau þurfa að búa þá líka til vettvanginn fyrir þetta nám inni á vinnustað og það þarf líka... stéttarfélög og kjarasamningar þurfa líka að endurspeglja þennan hvata að þú getir tekið nám á vinnutíma.

Fisktækniskóli Íslands sem alla jafna er ekki með íslenskunámskeið fékk styrk frá Rannís til að þjálfna íslenska málnotkun og orðaforða hjá nemendum sem ekki höfðu íslensku að móðurmáli. Samhliða kennslu í starfstengdum faggreinum fengu nemendurnir þjálfun í starfstengdum orðaforða sem er mikilvægt að kunna á vettvangi: „Við erum að tala um orðaforða í vélasal, orðaforða í komusal, orðaforða á kaffistofu, öryggismál, öryggisorðaforða og eitthvað svoleiðis. Þannig að það er allt svona sértækt.“ Af orðum viðmælenda má sjá að námskeiðið gengur fyrst og fremst út á að styrkja stöðu þeirra sem hafa ekki gott vald á íslensku sem gæti auðveldað inngildingunni þeirra í samfélaginu:

Ég held að það sé bara svolítið gott veganesti fyrir þau að sjá, að þau efla sig í starfi bæði í hérna tæknihlutunum og samfélagshlutunum. Að geta tjáð sig um líka ef eitthvað er að, eitthvað er ábótavant þá þora þau frekar að ræða það ef þau hafa orðin yfir það.

Námsgögn og kennsla

Til að mæta þeim ólíka hópi sem sækir íslenskukennslu bentu fræðsluaðilar á að nauðsynlegt væri að búa til og uppfæra námsgögn sem hentuðu einstaklingum á ólíku getustigi, „Við höfum bara ekki verkfærin alltaf til þess að geta unnið með einstaklingana.“ Nemendur eru jafn fjölbreyttir og þeir eru margir. Þegar spurt var út í það námsefni sem er notað til kennslu sagði fræðsluaðili að það væri mjög misjafnt:

Sumir nota bækur svo eru kennarar sem nota ekki stakar bækur heldur velja verkefni hér og þar og raða sjálfir saman í sín námskeið og það er kannski að hluta til af því að námsefnið sem er til er ekkert mjög gott. Þú

veist það er orðið mjög úrelt, það er ekki útprentað, það er ekki fallega uppsett, það vantar svo mikið.

Algengt var að bækurnar „Íslenska fyrir alla“ og „Íslenska á allra vörum“ eftir Sólborgu Jónsdóttur og Þorbjörgu Halldórsdóttur væru notaðar í kennslu eða hluti þeirra þar sem hægt er að sækja kafla bókanna á vefsíðunni Tungumálatorg. Skiptar skoðanir voru á meðal viðmælenda á ágæti bókanna, meðal annars kom fram að þær nýttust ekki í kennslu fyrir fólk sem ekki er læst á latneskt letur eða læst á sínu móðurmáli.

Stærstur hluti fræðsluaðila notuðu spil í kennslu, sumir höfðu einnig hringekjur, sungu, fóru í leiki eða sýndu sjónvarpsþætti sem fjalla um daglegt líf og störf á Íslandi og eru að finna á vefsíðunni tungumálatorg.⁵ Vefsíðunni hefur ekki verið haldið við og margt sem þar er á ekki við í dag, síðan er sögð óaðgengileg og kalla fræðsluaðilar eftir uppfærslu og bragabót á því efni sem þar er. Sjónvarpsþættirnir voru gagnrýndir fyrir að vera úreltir, sumir voru sagðir hafa rasískar skírskotanir eins og þáttur sem fjallar um móttöku barns í grunnskóla: „það er bara einn þáttur þar sem hann [faðirinn] er að fara með barnið sitt í skóla og ég bara gat ekki notað þennan þátt af því mér fannst hann svo óviðeigandi. Það var bara einhver svona, nánast rasismi í þessum þætti.“

Þar sem fræðsluaðilar bentu á að námsefni til íslenskukennslu væri af skornum skammti og margt orðið gamalt höfðu fræðsluaðilar útbúið sitt eigið kennsluefni eins og bækur og spil. Það mátti greina að mikil gróska er í námsgagnagerð á meðal fræðsluaðila. Skólustjóri Dósaverksmiðjunnar hefur verið í þróunarstarfi sem snýr að námsgagnagerð, hún hefur unnið það í samstarfi við nemendur skólans og þeir metið gæði námsgagnanna. Dósaverksmiðjan og Múltíkúltí hafa uppfært námsefni sitt í takt við samfélagslegar breytingar og hafa til að mynda kennt persónufornafnið hán um nokkurt skeið:

Það eru mörg ár síðan við fórum að kenna persónufornafnið hán. Og í öllu námsefni og öllum hjálpargögnum þar sem við erum að skoða, til dæmis, sagnbeygingar þá erum við með hann, hún, hán.

Sú sem heldur utan um íslenskukennsluna hjá Kristniboðssambandinu hefur búið til myndir, sögur, upptökur og glærur en stór hluti þeirra sem nema íslensku þar er ekki læst á sitt eigið tungumál eða hafa ekki þekkingu á latnesku lettri. Kennslan byggir á kenningarfræðilegum grunni sem nefndur er „Growing participator approach,“ unnið er með orðaforða með hjálp mynda og hluta og eru nemendur markvisst æfðir í að tala og endurtaka.

⁵ Sjá hér: http://tungumalatorg.is/viltu_laera_islensku/

Eigandi Betri árangurs býr einnig sjálf til námsefnið sem hún notar í kennslu. Það sama á við um Retor, Múltíkultí og Sögu Akademíu. Eins og fyrr segir þá er áhersla Sögu Akademíu á málfræði og hefur eigandi skrifað málfræðibók sem er bæði til á íslensku og ensku. Við skólann hefur einnig verið skrifuð kennslubók í „íslensku fyrir útlendinga“ sem er á pólsku og ætluð byrjendum sem hafa pólsku að móðurmáli.

Rafræn kennsla

Flestir fræðsluaðilar hafa boðið upp á rafræna kennslu með einum eða öðrum hætti; í streymi, blandaða kennslu þar sem nemendur ráða hvort þeir mæti á staðinn eða taki rafrænt þátt, eða stundi fjarnám þar sem áhersla er lögð á gagnvirk verkefni, hlustun og talæfingar. Sumir hafa boðið upp á fjarnám til fjölda ára á meðan að aðrir eru nýgræðingar á því sviði og þurftu að fara þá leið í Covid-19 faraldrinum. Til að geta haldið uppi öflugu fjarnámi þar sem kennslan færir yfir á internetið töldu viðmælendur nauðsynlegt að bjóða kennurum upp á endurmenntun á því sviði, því áhugi og kunnátta kennara á þessu sviði er mismikil.

Rafræn námskeið fengu misgóðar undirtektir hjá nemendum og voru fræðsluaðilar einróma um að kennsla á netinu hentaði ekki öllum. Fyrir marga voru íslenskunámskeiðin fastur punktur í tilverunni og því mikilvægt að mæta á staðinn. Kennslan er aðeins brot af því sem þar fer fram. Þegar kennslan er í rafrænu umhverfi vantar oft þessi óformlegu samskipti og spjall sem eiga sér stað þegar fólk mætir staðbundið, eins og bent var á: „Af því þetta snýst ekkert bara um það að þú kunnir íslensku. Þetta snýst líka um það að þú styrkir þitt tengslanet og eignist bara kunningja og hafir einhverja tengingu inn í samfélagið.“

Stöðumat og námsmat

Misjafnt var hvort og hvernig kunnátta nemenda í íslensku var metin þegar þeir hugðust skrá sig á íslenskunámskeið. Flestir fræðsluaðilar lögðu annað hvort skriflegt stöðumat fyrir tilvonandi nemendur eða spjölluðu við þá til að meta hvaða námskeið myndi henta best. Að framan var fjallað um samstarf sem nokkrar símenntunarmiðstöðvar eru í með Studieskolen í Danmörku og í tengslum við það samstarf er búið að þýða og heimfæra rafrænt stöðumat frá Studieskolen yfir á íslensku. Stöðumatið mun auðvelda röðun nemenda í námskeið. Með formlegu stöðumati geta nemendur gert sér betur grein fyrir hvar þeir standa með hliðsjón af evrópska tungumálarammanum.

Sjaldgæft er að nemendur séu prófaðir upp úr námsefninu að loknu námskeiði. Kennarar mátu hvort nemendur kæmust yfir á næsta stig, það mat byggði á frammistöðu nemandans í námskeiðinu. Nemendur þurftu oft að sitja námskeið 1 oft en einu sinni. Líkt og áður kom fram er þörf á að innan námskeiðs 1, séu mismunandi þrep líkt og gert er ráð fyrir innan

evrópska tungumálarammans svo þeir þurfi ekki að sitja allt námskeiðið aftur. Einstaka fræðsluaðilar ræddu um mikilvægi þess að taka upp formlegra námsmat, til dæmis í tilvikum þar sem vinnuveitandi gerir kröfur um íslenskukunnáttu sem byggja á evrópska tungumálarammanum:

Það mætti t.d. bjóða upp á próf samkvæmt evrópska tungumálarammanum, próf sem byðu upp á einhver réttindi. Þú veist eins og Reykjavíkurborg allt í einu setur upp að þú þarft að vera B1, C1 fyrir ákveðin störf innan borgarinnar. Það eru ekki til nein próf sem mæla það.

Reykjavíkurborg hefur útbúið myndband þar sem farið er yfir hvernig fólk á sjálft að meta hvað það kann með því að skoða tungumálarammann.⁶

Gæðamat og gæðakerfi

Allir fræðsluaðilar starfa eftir gæðakerfi en mismunandi er eftir hvernig kerfi þeir starfa. Stór hópur þeirra sem úttektin beinist að eru símenntunarmiðstöðvar sem bjóða upp á margskonar símenntun og fullorðinsfræðslu auk íslenskunámskeiða fyrir útlendinga. Í starfi þeirra í fullorðinsfræðslu byggja símenntunarstöðvarnar á EQM/EQM+ (e. European Quality Mark) gæðakerfinu.⁷ Eftirfarandi fræðsluaðilar hafa hlotið EQM/EQM+ gæðavottun: Austurbrú, Farskólinn, Fræðslumiðstöð Vestjarða, Fræðslunetið – símenntun á Suðurlandi, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, Mímir, Símenntun á Vesturlandi, Símei – símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar, Viska – Fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja og Þekkingarnet Þingeyinga. Aftur á móti nær EQM gæðakerfið sjaldnast yfir allan reksturinn, íslenskukennsla fyrir útlendinga er gjarnan undanskilin eins og viðmælandi sagði frá:

[...] við erum með umbótaáætlun, [...] en hún snýr ekkert sérstaklega að íslenskunámskeiði þannig að í rauninni hefur ekkert verið sett nein úrbótaáætlun varðandi íslensku. EQM+ kerfið er eingöngu hannað sem gæðakerfi fyrir framhaldsfræðsluna. Íslenskukennslan er ekki hluti af þessu kerfi og hefur aldrei verið.

Samband íslenskra Kristniboðsfélaga og Betri árangur byggja sín gæðakerfi á EQM eins og sjá má í gæðahandbókum þeirra. Saga Akademía byggir sitt gæðakerfi á bandarískri fyrirmynd í tungumálakennslu. Saga Akademía hafði áður farið í gegnum EQM vottunarferlið en vegna

⁶ Hlekkur á myndbandið Reykjavíkurborg innleiðir nýtt verklag varðandi tungumálakröfur við ráðningar: <https://www.youtube.com/watch?v=OdfhVfHMuN8>

⁷ Sjá frekari lýsingu á gæðakerfi EQM/EQM+ hér: <https://frae.is/gaedavottun/>

kostnaðar var ákveðið að halda ekki áfram þeirri vegferð. Múltíkúltí, Retor og Dósaverksmiðjan tóku ekki sérstaklega fram í viðtölunum að stuðst væri við ákveðið gæðakerfi, þó gæðamat fari þar fram og unnið sé eftir gæðaferlum.

Fræðsluaðilar voru ekki einróma um hvernig gæðakerfi hentaði best í íslenskukennslu fyrir fullorðið fólk með annað móðurmál en íslensku. Á meðan að einum fræðsluaðila fannst ekki að taka ætti upp annað gæðakerfi fyrir íslenskuna heldur ætti að bæta henni við EQM vottunina, gagnrýndi annar fræðsluaðili EQM kerfið fyrir að byggja á fyrirframgefnum kvörðum um hvað væru gæði:

EQM+ getur alveg verið fyrirmynd af svona kerfi, það er mjög lokað kerfi, það er kerfi sem að byggir á því að það er fyrirfram ákveðið hvað eru gæði í starfinu. Ég er nú ekkert hrifinn af svona lokuðum kerfum. Mér líður oft betur í opnari kerfum þar sem að fræðsla hafi eitthvað með það að segja að ákveða hvað séu gæði.

Þrátt fyrir efasemdir um gagnsemi EQM/EQM+ kerfisins þótti viðmælendum jákvætt að það veitti umgjörð þar sem sameiginleg gæði og viðmið væru tilgreind. Einn viðmælandi lagði áherslu á að ríkið ætti að setja skýrari umgjörð um gæðaviðmið íslenskunámsins og hvaða gæðakerfið ætti að nota:

Það sé þá sama gæðakerfi í íslensku hvort sem það eru símenntunarmiðstöðvar sem eru svona hálf opinberir aðilar, eða hvort það eru einkaskólar, það séu allir en ekki hver fræðsluaðili með sitt gæðakerfi eins og þetta er kannski meira núna.

Í 4. gr. reglugerðar nr. 1163/2011 um skilyrði þess að fræðsluaðili geti hlotið viðurkenningu kemur fram að innra kerfi fræðsluaðila skuli fullnægja skilyrðum IV. kafla laga um framhaldsfræðslu um mat og eftirlit með gæðum. Í sama kafla laganna kemur fram að fræðsluaðilar eiga að meta sjálfir með kerfisbundnum hætti árangur og gæði fræðslustarfsins. Það gera flestir með því að leggja fyrir nemendur kennslukannanir og nýta síðan þær niðurstöður til að efla íslenskunámið. Ein símenntunarmiðstöð var með opinbera umbótaáætlun í íslenskukennslu sem sjá má í sjálfsmatsskýrslu miðstöðvarinnar,⁸ hún byggir á kennslukönnun sem lögð var fyrir nemendur.

⁸ Farskólinn, Sjálfsmatsskýrsla 2022, umbótaáætlun: https://farskolinn.is/wp-content/uploads/2023/02/RENTAPRENT02_Farskolinn_iRC5030_out_1852_001.pdf

Aðrir mælikvarðar á gæðum náms og kennslu voru samtöl við nemendur og stærri fundir kennara þar sem þeir ræddu meðal annars niðurstöður kennslukannana og önnur gagnleg atriði er varða kennslu:

Og svona þá er verið að ræða um bara, hvernig staðan er, hvernig, hvort það er einhver breyting á kennsluáætlun. Hvort að námsefnið er að virka fyrir þennan hóp. Hvort það þurfi að breyta einhverju, hvort það þurfi að koma eitthvað léttara inn eða erfiðara inn. Hvernig húsnæðið er.

Hluti af gæðamati fræðsluaðila er að halda utan um mætingu nemenda, fjölda þeirra sem ljúka námskeiði og brottfall. Þrátt fyrir að áherslan sé á gæði náms og kennslu, þá kom fram að mæting nemenda sé það sem skipti hvað mestu máli þegar styrkir eru veittir: „Einu gæðakröfurnar sem hafa verið gerðar [af hálfu stjórnvalda] er mæting.“

Kennslukannanir

Innihald kennslukannana er misjafnt á milli fræðsluaðila og bentu einstaka viðmælendur á að gott væri að samræma kennslukannanirnar þannig að þær yrðu samanburðarhæfar á milli fræðsluaðila. Þá var einnig lagt til að útbúnar væru leiðbeiningar um gerð þeirra: „Það er kannski eitt sem er dálítið svona kjánalegt út af því það er verið að setja inn kröfu um að skila inn námskeiðsmati [til Rannís] að það sé ekkert, engar leiðbeiningar eða rammi eða neitt.“ Algengt var að í kennslukönnunum væri spurt út í „námið, námskeiðið, kennsluna og svo kennarann.“ Sjaldan var spurt út í framlag nemenda til námsins.

Fræðsluaðilar lýstu yfir áhyggjum af dræmri þátttöku í kennslukönnunum. Einhverjir fræðsluaðilar höfðu orð á því að svörunin væri betri eftir að nemendum bauðst að svara könnun rafrænt í kennslustund: „hún [þátttakan] er misjöfn en hún hefur batnað mjög mikið eftir að við fórum einmitt þessa leið, þetta er orðið þægilegt, þægilegra fyrir nemendur að svara, þau fá bara link og svara.“ Jafnframt kom fram að ef könnun er lögð fyrir í næst síðasta eða síðasta tíma námskeiðs þá fengist oft betri svörun en þegar nemendur eru beðnir um að svara kennslukönnun utan kennslu.

Fræðsluaðili tók fram að þegar nemendur svöruðu kennslukönnun á ólíkum tungumálum í 10 manna bekk, þá væri nánast gefið hver svaraði hverju, og ekki hægt að uppfylla skilyrði um nafnleynd. Meðal þeirra fræðsluaðila sem höfðu eingöngu matið á íslensku eða jafnvel ensku þá var ógerlegt fyrir byrjendur, sem hafa takmarkaða þekkingu á tungumálunum, að taka námskeiðsmatið. Þar af leiðandi er námskeiðsmat ekki lagt fyrir alla nemendur. Fræðsluaðilar sem sinntu mikið einkakennslu lögðu síður kennslukönnun fyrir nemendur að loknu námskeiði þar sem ógerlegt er að hafa þær nafnlausar: „Þegar þú ert bara með einn nemanda, þú leggur

ekkert svo auðveldlega fyrir hann eitthvað langan spurninga... eitthvað blað með spurningum um það hvernig kennarinn standi sig eða slíkt.“

Í flestum tilvikum gildir ákveðið verklag í kringum kennslukannanir, þ.e. hvernig er unnið upp úr þeim, hverjir fá að sjá þær fyrst og hvernig brugðist er við. Ef nemendur voru ekki ánægðir með kennara námskeiðs var rætt við kennarann og ef regluleg óánægja kemur upp hjá sama kennara þá er hann ekki endurráðinn.

Kennslukannanir gefa ekki alltaf bestu mynd af gæðum námskeiða að mati fræðsluaðila. Þeir töluðu um að í flestum tilvikum væri almenn ánægja með námskeiðin og það sem skilaði mestum árangri við mat á gæðum náms og kennslu, væri að spjalla við nemendur eins og fræðsluaðili kom að orði: „Gæðamat byggir á virku samtali.“ Viðmælanda fannst áberandi að fólk utan Evrópu svaraði kennslukönnun óvenju jákvætt „... eins og ég segi, bara Asía, Afríka, Miðausturlönd. [...] Það er bara allt æðislegt.“ Því töldu sumir betra að ræða við nemendur þar sem samtalið gaf betri upplýsingar um upplifun þeirra af námskeiðinu og hvað mætti gera betur. Auk samtals við nemendur töldu fræðsluaðilar að góð vísbinding um ánægju nemenda með námskeið væri að þeir skráðu sig á fleiri námskeið:

Sem að segir okkur það að nemendur eru ánægðir. Þeir eru að ná árangri.

Og annað hlutfall, þetta hleypur einhversstaðar á milli 50, 70, 80 prósent hlutfall, þetta endurkomuhlutfall, og þá á ég við að nemendur halda áfram eftir námskeið kannski íslenska 1, íslenska 2, íslenska 3.

Hæfnikröfur til kennara sem kenna íslensku

Kennarar íslenskunámskeiðanna höfðu ólíka menntun að baki. Sumir voru menntaðir tónlistarkennarar, grunnskólakennarar eða menntaskólakennarar. Aðrir voru með próf í íslensku, heimspeki, félagsfræði, myndlist, sálfræði, bókmenntafræði, sagnfræði, pólsku, japönsku, höfðu stundað nám í fullorðinsfræðslu eða kennslufræði og svo framvegis. Þar sem kennarar höfðu ólíkan bakgrunn og reynslu var jafnan talið mikilvægt að kennarar nýttu styrkleika sína í kennslu, „sumir eru góðir í að nota tónlist í kennslu aðrir eru góðir í að teikna,“ því fannst viðmælendum mikilvægt að kennarar hefðu nokkurt frelsi í kennslu. Kristniboðssambandið er eini viðurkenndi fræðsluaðilinn þar sem íslenskukennslan er að mestu haldið uppi af sjálfboðaliðum, oft kennaramenntuðum einstaklingum sem eru hættir að vinna. Hjá öðrum fræðsluaðilum eru það yfirleitt verktakar sem halda uppi íslenskukennslunni, fæstir fræðsluaðilar voru með kennara í föstum stöðum en þó einhverjir.

Háskólagráður kennara skiptu að mati fræðsluaðila ekki mestu máli þegar kennarar voru ráðnir til starfa. Þó var góð kunnátta í íslensku lykilatriði og að þeir hefðu einhverja háskólamenntun. Góð samskiptahæfni og áhugi á málefnum útlendinga skiptu ekki síður máli að mati viðmælenda, líkt og þessi dæmi gefa til kynna: „Náttúrulega fyrst og fremst þarf hann að vera góður í mannlegum samskiptum,“ „...það er kostur að hafa búið í útlöndum og vita hvað það er að þurfa að aðlagast nýju samfélagi,“ „Áhugi, virðing og umburðarlyndi,“ „...vera vel upplýstur um réttindi og skyldur í samfélaginu,“ „Mæta þeim svólítið bara þar sem þau eru.“ „Ef þú hefur ekki áhuga á fólki, þá er betra að gera eitthvað annað.“

Fræðsluaðilar sem kenndu hælisleitendum og flóttafólki töldu miklu máli skipta að kennarar hefðu einhverja þekkingu á málefnum fólks í viðkvæmri stöðu, þeir nemendur höfðu jafnvel orðið fyrir röð áfalla, „þannig að þú veist, það er ekki bara menntunin skilurðu, við þurfum svólítið líka að lesa í fólk.“ Sérstaklega meðal hælisleitenda og flóttafólks, var nám í íslensku ekki eingöngu vettvangur til að læra tungumálið heldur líka staður og stund til þess að hitta aðra.

Fræðsluaðilum er annt um orðspor sitt og þeir lögðu mikið upp úr því að vanda valið á kennurum; „við leggjum auðvitað upp með það að kennararnir okkar séu menntaðir kennarar. Það er svona alltaf draumurinn,“ en þegar það var ekki hægt var áhersla lögð á að þjálfra þá vel áður. Í einhverjum tilvikum voru tilvonandi kennarar látnir fylgjast með öðrum kennurum áður en þeir færu sjálfir að kenna. Það skipti jafnframt máli á hvaða stigi kennarar kenndu, hvaða kröfur væru gerðar til þeirra en þekking á öðrum tungumálum var talinn kostur:

Það hefur allavega reynst okkur mjög vel ef við erum með kennara sem geta talað önnur tungumál en íslensku. Þegar við erum með þannig hópa, ef við erum að kenna grunníslensku, við erum ekki þú veist, við þurfum engan [íslenskufræðing] þarna. Þú veist, ekkert á fyrstu stigum sko. Það fer svólítið eftir hvað við erum að fara hátt upp sko.

Fræðslumiðstöðvar á landsbyggðinni töluðu um mikilvægi þess að kennarinn hefði sterk tengsl við samfélag útlendinga. Það voru þeir sem trekkstu nemendur að íslenskunáminu og voru þeim stoð og stytta í mörgu er snéri að kerfislægum þáttum í íslensku samfélagi. Þá töldu þeir einnig að erfiðara væri fyrir fræðslumiðstöðvarnar á landsbyggðinni að ráða til sín menntaða kennara: „Til dæmis á [landsbyggðinni] þar hefur bara verið mjög erfitt að fá menntaða kennara. Það, það bara, þeir einhvern veginn eru ekkert að stökkva á vagninn og eru ekki tilbúnir.“

Endurmenntun kennara

Fræðsluaðilar bentu á að til að endurmennta kennara vanti fjármagn. Því fjármagni sem þeim er úthlutað er eingöngu ætlað til kennslu og ekki til afgangur til að styðja við endurmenntun kennara. Þeir væru í flestum tilfellum verktakar eða sjálfboðaliðar sem þyrftu að huga að sinni endurmenntun sjálfir. Sumir voru þegar starfandi kennarar annars staðar og fengu endurmenntun í gegnum núverandi aðalstarf. Þó stóð kennurum oftast til boða að fá fræðslu er varðaði innleiðingu á nýjum kerfum eða leiðsögn í að nýta sér ýmis öpp sem mætti nýta í kennslu. Einnig var oftast lögð áhersla á að samkennarar hittust og færu yfir ýmsa þætti er vörðuðu kennslu og nám. Þetta átti sér stað misoft, en sumir höfðu fyrir reglu að hittast tvisvar á ári. Fastir starfsmenn fræðslumiðstöðva voru líklegri til að taka þátt í ýmis konar þróunarstarfi eða sækja sér endurmenntun.

Að mati fræðsluaðila væri það til bóta ef hægt væri að útbúa miðlæga fræðslu fyrir þá sem kenna fullorðnum íslensku sem annað mál. Það mætti bjóða upp á stað- eða fjarnámskeið eða upptökur sem kennarar gætu haft aðgang að. Einnig var undirstrikuð þörf á að bjóða nám í greininni á háskólastigi:

Sú grein er bara ekki til á Íslandi. [...] ...ég veit ekki hvort maður á að segja [að greinin sé] pínulítið svona olnbogabarn í menntakerfinu, það einhvern veginn svona er ekki skrifað beint niður hvaða kröfur og hæfni og færni kennarar þurfa að hafa sem ætla að kenna fullorðnu fólki og það er engin þjálfun í sjálfu sér í boði fyrir kennara.

Vegna aukinnar kröfu um fjarnám var einnig óskað eftir því að til væru námskeið um fjarkennslu sem kennarar gætu sótt. Kennarar hjá SÍMEY hafa verið að sækja sér endurmenntun í samstarfi við Studieskolen í Danmörku vegna námskeiðs sem er ekki styrkt af Rannís en er tungumálþjálfun/íslenskupjálfun og byggir á sömu hugmyndafræði og markþjálfun. Námskeiðið heitir Íslenskupjálfarinn og er viðbót við önnur íslenskunámskeið. Tungumálþjálfaranum er ætlað að efla vitund og atbeina nemenda í námi sínu í íslensku:

Tungumálþjálfunin byggir í rauninni á því að maður taki viðtal við fólk og svo er líka hægt að gera það í hóp. Þannig að hópurinn í rauninni ræðir sig í gegnum..., hvert er mitt markmið og hvernig ætla ég að ná þangað? Þú veist hvað ætla ég að leggja mikinn tíma í þetta og setja svona raunhæf markmið [...]. Fólk er svolítið að horfa á sig og sínar aðferðir til að læra. Og finndu þá leiðir, áttu einhvers staðar góðan vin sem þú getur talað við sem er tilbúinn að tala við þig íslensku. Er einhver í vinnunni sem þú finnur

að talar frekar við þig íslensku og þú skilur betur, þú veist þannig að fólk er svona að greina líka hvar eru leiðir utan tímans.

Rekstarumhverfi – samkeppni og samvinna

Nokkuð var rætt um rekstrar- og styrkjaumhverfi íslenskukennslu fyrir fullorðið fólk með annað móðurmál en íslensku. Málaflokkurinn var sagður „heimilislaus“ og viðmælendur upplifðu skort á áhuga frá stjórnvöldum. Styrkveitingar voru gagnrýndar fyrir að vera ógagnsæjar og ófaglegar, þar sem óljóst væri á hvaða grundvelli upphæðir styrkja væru byggðar. Reglur um úthlutun styrkja til íslenskukennslu fyrir útlendinga⁹ frá árinu 2015 voru sagðar úreltar og hamlandi fyrir rekstarumhverfi fræðsluaðila, sem sé ófyrirsjáanlegt frá ári til árs. Margt má tiltaka, en sérstaklega var bent á þá óvissu sem er um árlegar styrkveitingar frá Rannís. Styrkveitingar eru háðar nemendafjölda sem sækir íslenskunámskeið og ekki alltaf ljóst hversu margir sækja námskeiðin. Dagsetning til að sækja um styrk og niðurstaða um styrkveitingu voru gagnrýnd fyrir að vera seint á árinu þegar námskeið væru hafin. Fræðsluaðilum ber að uppfylla reglur um nemendafjölda til að fá styrk. Með reglunum er fræðsluaðilum á landsbyggðinni mismunað þar sem þeir eiga oft í erfiðleikum með að manna námskeiðin. Þá kom fyrir að námskeið féllu niður vegna dræmrar skráningar en í reglunum eru gerðar kröfur um lágmarksfjölda á námskeiði.

Og Rannís gerir kröfu um að við fáum ekki greitt fyrir námskeið nema það séu sex sem útskrifast og þannig að við höfum reynt að vera svolítið ströng þannig að ef það hefur gerst... og við í rauninni sex, það ber ekki námskeið, þá tökum við á okkur kostnað. Þannig að, og þetta er svona akkilesarhællinn í dreifbýlinu að við til dæmis erum búin að lenda tvisvar í því, [...] að það skrá sig ekki nema sex eða sjö á námskeið og við bara verðum að fella þau niður. Við getum ekki farið af stað upp á von og óvon. Og þetta þá, þetta er í rauninni líka slæmt fyrir okkur því að þá, við missum svolítið trúverðuleikann.

Samvinna símenntunarmiðstöðva er þó nokkur en minna er um að aðrir fræðsluaðilar séu í samstarfi eða deili efni sín á milli. Fræðsluaðilar kölluðu eftir meira samstarfi og samnýtingu námsefnis og kennslugagna. Náms efni á borð við spil og bækur, sem einstaka fræðsluaðilar eða kennarar höfðu þróað fyrir kennslu, stóð öðrum til boða gegn greiðslu. Aftur á móti er

⁹ Sjá reglur hér: https://www.rannis.is/media/islenskukennsla/Reglur-um-uthl.-styrkja-til-isl.kennslu-utlendinga_2015.pdf

samkeppnisumhverfið, keppnin um að fá nemendur og opinbert fjármagn, hamlandi fyrir samstarf að mati sumra fræðsluaðila.

Fræðsluaðilar eru að vissu leiti í samkeppni á markaði, og um takmarkað fjárframlag til íslenskukennslu fyrir útlendinga. Því mátti greina ákveðna tregðu við að deila upplýsingum. Þessa tregðu mátti meðal annars sjá þegar kallað var eftir gögnum vegna vinnslu úttektarinnar en þá birtist það viðkvæði hjá sumum fræðsluaðilum að þau vildu síður deila upplýsingum um ákveðna hluta starfsins.

Kennslukannanir

Kennslukannanir eru hluti af formlegu gæðakerfi fræðsluaðila þar sem hægt er að fylgjast með gæðum kennslu og námskeiða og geta gagnast við að gera umbætur. Rannís kallaði eftir niðurstöðum kennslukannana frá fræðsluaðilum og var misjafnt hverju fræðsluaðilarnir skiluðu. Einhverjir skiluðu niðurstöðum kennslukönnunar fyrir eitt námskeið, aðrir höfðu dregið saman helstu niðurstöður fyrir eitt eða fleiri námskeið. Sumir komu fram með tillögur að úrbótum og/eða sögðu frá svörum opinna spurninga, á meðan að aðrir drógu saman niðurstöður kennslukannana í mjög stuttu máli. Þátttaka þeirra sem svöruðu kennslukönnunum var mismikil og fjöldi ekki alltaf ljós. Spurningar sem lagðar eru fyrir nemendur eru oftast ólíkar á milli fræðsluaðila og því ekki hægt að gera samanburð á svörum nemenda sem sækja námskeið hjá ólíkum fræðsluaðilum. Til að hægt sé að gera samanburð er mikilvægt að fræðsluaðilar spyrji, alla vega að hluta til, sömu spurninga.

Hér að neðan hafa verið dregnar saman niðurstöður kennslukannana og námsmats sem Rannís kallaði eftir og gefa þær innsýn í upplifun og viðhorf nemenda til íslenskunámskeiða og kennslu. Sumar niðurstöður byggja á svörum yfir 800 nemenda á meðan að aðrar byggja á svörum nokkurra einstaklinga.

Austurbrú

Stærstur hluti var í heildina ánægður með námskeiðið, skipulagið og námsögnin. Yfir helmingur þeirra sem svöruðu kennslukönnuninni á vorönn 2021 taldi námskeiðið nýtast sér mjög vel í starfi og í daglegu lífi en færri voru sama sinnis sem svöruðu matinu á haustönn. Matið kom almennt verr út á haustönn heldur en á vorönn.

Betri árangur

Flestum fannst námsefnið og kennslan mjög góð eða góð og voru ánægð/ir með námskeiðið. Tvær aðrar spurningar sem mæla hvort nemendur séu almennt ánægð með námskeiðið, „ég

ætla að koma á næsta námskeið“ og „ég vil segja öðrum að koma á námskeið hjá skólanum,“ gáfu einnig til kynna ánægju nemenda.

Farskólinn

Stærstur hluti þeirra sem svöruðu könnuninni taldi námsefnið gagnlegt. En í opnu svári um námsefnið kom m.a. fram að námsefnið væri of gamalt og að efnistöð ættu að snúast meira um grunnfærni til að geta hafið samræður á íslensku. Við spurningunni „Do you think you have learned more in understanding and speaking Icelandic during the course?“ svöruðu 57% að þeir hefðu lært mikið. Einhverjum fannst vanta frekari upplýsingar um námskeiðið og námsefnið.

Fræðslunetið - símenntun á Suðurlandi

Námskeiðið uppfyllti væntingar flestra nemenda og nemendum fannst auðvelt að skilja námsefnið.

Mímir

Stærstur hluti nemenda (90%) voru ánægðir eða mjög ánægðir með námið í heild sinni. Það sama átti við um kennsluna og kennarann.

Múltíkúltí

Mikið er spurt út í kennara námskeiðsins sem fékk að mestu hæstu einkunn hjá nemendum. Hann útskýrði efnið vel, svaraði spurningum nemenda, fór yfir efnið á góðum hraða, var skipulagður og hafði góða þekkingu á efninu. Þeir sem svöruðu könnuninni sögðust allir mæla með skólanum við aðra og yfir 80% voru ánægðir með námsbókina.

Saga Akademía

Margar spurningar snúa að frammistöðu kennarans og kennslunni sem fékk að mestu hæstu einkunn hjá nemendum. Ólíkt öðrum könnunum áttu nemendur einnig að meta þátttöku sína í námskeiðinu; 85% voru sammála eða mjög sammála fullyrðingunni um að þau höfðu lagt rækt við námið og næstum allir svarendur mættu alltaf lesin og undirbúin fyrir tímana.

Samband íslenskra Kristniboðsfélaga

Almennt voru nemendur mjög ánægðir og gáfu námskeiðunum hæstu einkunn. Fram kom að þeir væru sérstaklega ánægðir með talþjálfun í hópum. Einhverjir óskuðu eftir meiri málfræði en sérstaða kennslunnar er talað mál og því er mesti fókusinn á það.

SÍMEY, símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar

Flestir töldu stöðu sína vera miklu betri eða betri að loknu námskeiði. Frammistaða kennarans fékk að mestu hæstu einkunn hjá nemendum. Við spurningunni „Hvað myndir þú vilja að SÍMEY legði áherslu á í íslenskukennslu?“ merktu flestir nemendur við valmöguleikann munnleg tjáning og samskipti en málfræði, hlustun, lestur komu þar á eftir ásamt samfélagsfræðslu sem fæstir hökuðu við.

Dósaverksmiðjan - Tungumálaskólinn

Mikil ánægja var meðal nemenda með skólann og kennarana og flestir töldu sig hafa lært mikið af námskeiðinu. Stærstur hluti taldi námsefnið gott og hafði áhuga á að læra meiri íslensku að loknu námskeiði. Þeir sem svöruðu spurningunum um hvort það hafi verið gaman að fara á Kjarvalsstaði og hvort það hafi verið gaman að elda þá fannst stærstum hluta þessir þættir skemmtilegir. Að sama skapi fannst flestum þeir læra mikla íslensku þegar farið var á safn og eldað í sameiningu.

Viska - fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja

Stærstur hluti nemenda svaraði að þeir myndu geta nýtt sér það sem þeir lærðu í námskeiðinu. Ánægja var með námsefnið og frammistöðu kennarans í námskeiðinu.

Þekkingarnet Þingeyinga

Flestir voru sammála um að námskeiðið hafi verið í samræmi við væntingar, sögðust myndu mæla með námskeiðinu við aðra og stærstur hluti var ánægður með frammistöðu kennarans.

Rýnihópar – sjónarhorn innflytjenda

Hér verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum tveggja rýnihópa sem teknir voru við einstaklinga sem höfðu tekið eitt eða fleiri íslenskunámskeið hjá viðurkenndum fræðsluaðilum. Niðurstöðurnar eru lýsandi og sjónarhorn þátttakenda í brennidepli.

Mikilvægi þess að læra íslensku

Ýmis sjónarmið birtust þegar umræður snérust um mikilvægi þess að læra íslensku. Allir voru sammála um að kunnátta í íslensku væri nauðsynleg til þess að geta starfað á íslenskum vinnumarkaði. Þó ekki einungis starfsins vegna heldur til þess að geta átt í samskiptum við vinnufélagana og verið þátttakendur í því sem fram fer utan vinnunnar, þ.e. óformlegum viðburðum eins og árshátíðum, jólafögnum, partýum og öðru. Að skilja ekki íslensku getur haft útilokandi áhrif á innflytjendur eins og kvenkyns þátttakandi sem starfar í ferðaþjónustu lýsti:

I work for Icelandic company and, for example, annual party. You also feel left out because you can't understand the jokes, the songs, like parties, clubs and stuff, you know, for young people. So, it's kinda hard but the thing is, in my job I don't need Icelandic. But the bosses and all the people, like most of the people out of [name of a town], they are Icelandic ones. So, when we have a party there is all the time, you know, comes to an Icelandic language.

Þrátt fyrir að margir Íslendingar tali ágæta ensku þá er oft töluð íslenska þegar Íslendingar eða fólk sem talar íslensku er í meirihluta, eins og kemur fram hér að ofan, og eftirfarandi tilvitnun gefur einnig vísbendingu um:

Well friendships. You will not have an Icelandic friend if you don't speak Icelandic. I have been living here for three years. I have many Icelanders that I keep in touch with, but every time I meet people in a certain gathering, it's just impossible not to speak Icelandic, because you just feel left out, and you don't feel like a part of community.

Oft er fyrsta skrefið í tungumálanámi að tileinka sér undirstöðuatriði málsins en þó töldu þátttakendur ekki nóg að hafa grunnþekkingu á íslensku ef markmiðið væri að búa og starfa á Íslandi. Kvenkyns þátttakandi, sem býr á landsbyggðinni, sagðist hafa áttað sig á mikilvægi þess að bæta stöðugt við kunnáttu sína í íslensku þegar að barn sem hafði týnt foreldrum sínum spurði hana til vegar:

Like the other day a small girl was lost and I was trying to with very simple phrases to guide her home like "hvar er heim" and stuff like that but this wasn't enough and fortunately she was old enough to know some English and she guided me to where her house would be so yeah I think it goes without question that after a certain point, if you live here, you should start learning the language better and better, not just the basics.

Ekki er hægt að ganga að því sem gefnu að allir tali góða ensku og á það sérstaklega við um þá sem eru komnir vel yfir miðjan aldur, eins og þátttakandi benti á. Hún sagði að eina leiðin til að geta tekið þátt í samræðum við sinn aldurshóp væri að læra íslensku:

...and then older adults, I find a lot of older adults in my category, my age, don't know English as well or just maybe have more difficulty speaking English. [...] so it's helpful for me to learn Icelandic and be able to communicate with those my age, but I think one of the important

reasons, that I find, is just to participate in conversations with others. So, if you have a group of friends that are Icelandic, they are speaking Icelandic and it's nice just to be able to participate in the conversation with them.”

Til að inngilding geti átt sér stað þurfa bæði heimamenn og aðfluttir að leggja sitt af mörkum til að svo geti orðið. Ýmsar áskoranir fylgja því að læra nýtt tungumál, t.d. að finna tíma til að sækja námskeið þegar fólk er í fullu starfi og vinnur langa vinnudaga og/eða er með fjölskyldu. Kostnaður vegna námskeiðs getur verið hár og tækifæri til að æfa sig í íslensku fá. Ósjaldan er því haldið fram að Íslendingar grípi fljótt í ensku heyrir þeir íslensku talaða með hreim sem getur verið leiðgjarnt fyrir þá sem eru að læra íslensku. Ef þeir sem tala íslensku reiprennandi tala ekki íslensku við þá sem eru að leggja sig fram við að læra málið, hvernig eiga innflytjendur þá að æfa sig í íslensku? Þátttakendur rýnihópsins þekktu þetta af eigin raun og höfðu sumir brugðið á það ráð, í aðstæðum sem þessum, að biðja viðkomandi um að tala við sig á íslensku. Viðbrögðin voru nær undantekningarlaust jákvæð:

And it was very frustrating for me. But what I started doing, my friend told me to do that, is I just slowly tell them that I am learning Icelandic and that I would like to try have this conversation in Icelandic. And they react very well to it and it's very helpful, especially for everyday things, like going to the store or going to a restaurant. Just ordering something and things like that.

Eins og dæmið gefur til kynna er mikilvægt að íslenskumælandi fólk veiti innflytjendum tækifæri til að æfa sig í íslensku.

Að læra íslensku – að kenna íslensku

Þegar umræðurnar snérust um nám og kennslu kom fram að bestu námskeiðin væru með fjölbreyttar kennsluaðferðir og tól og tæki sem styddu við námið, t.d. spil, talæfingar, söng og fleira. Margir voru sammála um að uppfæra þyrfti námsbækurnar sem sagðar voru leiðinlegar og fráhrindandi og jafnvel of þungar, í þær vanti bæði liti og áhugaverðar sögur og annað sem vekur áhuga fólks á að læra. Helst var bent á bækurnar *Íslenska fyrir alla* sem magir fræðsluaðilar styðjast við þó aðrar námsbækur hafi einnig verið nefndar:

Þátttakandi: I think, many of my friends think that as well, the material is so boring.

Rannsakandi: What is boring about it?

Þátttakandi: It's...uuuu, I don't know, it's just, it's not hmm, it's not a book you want to grab and learn from. [...] There are some schools that follow *Íslenska fyrir alla*. I did not finish that course because it was boring.

Annar þátttakandi tók í sama streng og bar námsbækurnar sem hann hafði haft á íslenskunámskeiði saman við námsefni úr grunnskóla:

While, all the books, all the different languages books back at school, those were the best books, they had the most interesting stories in them because you would always follow a very interesting story about, like a group of friends through all the chapters. Yeah, they were very colorful, and we don't have that here in Iceland. Even if you buy the books that are printed, they are just not, they're just textbooks, like very, very basic. Yeah, nothing, actually.

Ljóst er að ein kennsluaðferð eða kennslunálgun hentar ekki öllum. Innflytjendur eru fjölbreyttur hópur, líkt og þátttakendur rýnihópanna sem vilja hafa val um hvernig þeir læra. Byrjendur eru ekki allir á sama stað þrátt fyrir að vera byrjendur, einn þátttakandi talaði vel skandínavískt tungumál og stóð hann því betur að vígi en margir aðrir. Langt var síðan að annar hafði setið á skólabekk og einhverjir höfðu aldrei lært annað tungumál nema eigið móðurmál, því skiptir máli að námsefnið og kennslan henti fólki á ólíku getustigi.

Í flestum námskeiðum var stuðst við fjölbreyttar kennsluaðferðir sem þátttakendur kunnu vel að meta. Tekið var dæmi um námskeið þar sem áhersla var á „learning by doing,“ hluti af námskeiðinu er að nemendur eldi saman og læri þannig ýmis matarheiti, fallbeygingar og annað gagnlegt með því að beita tungumálinu á meðan er eldað. Þessi aðferð hentaði sumum þátttakendum rýnihópanna. Kvenkyns viðmælandi lýsti lærdómsferlinu með eftirfarandi hætti:

You would think it's a waste of time [að elda saman]. But that is what makes me want to learn. Because, when you cook, you actually start using like everyday language. Like, if someone, if I want an egg, I need to ask someone to pass me that egg. And that's not really something you learn from the textbook. Like, usually those are the things that you need in your everyday life, but they are not in textbooks. So, you actually learn a lot. And, it's fun, it's just fun.

Í þessu samhengi skipta námsbækurnar og skrifaður texti minna máli heldur fer lærdómsferlið meira fram í gegnum „leik“ þar sem reynir á samhæfingu ýmissa þátta eins og sjón, hlustun, tal og samskipti. Söngur í kennslu var annað sem þátttakendur nefndu sem fjölbreytni við

hefðbundnari kennsluhætti sem sumir vildu meira af. Í gegnum söng festast orð vel í minni og því er söngur fyrir marga góð leið til að læra eins og bent var á:

I would also say that songs are fantastic. [...] And they are for a strong reason, because they tend to stick well to your head. Yea I know the days of the week's song, great. But I have not been able to apply yet the alphabet song, but I am very much looking forward to it.

Á meðan að sumum þátttakendum fannst skipta máli að á námskeiðunum væri lögð áhersla á málfræðikennslu, í hefðbundnara formi en gert er með því að elda saman og lýst er hér að ofan, voru aðrir sem vildu meiri æfingu í að tjá sig munnlega þ.e. að eitt helsta markmið námskeiðanna, sérstaklega byrjenda, ætti að felast í að æfa þau í að tala og skilja einfaldar setningar svo þau geti bjargað sér í hinu daglega lífi.

I think there are too much like, concentrated on a grammar more than, you know, to help foreigners understand basic, at least, beginning of the language and how to manage in life, like everyday life. Not like, IR. endings of the word and stuff.

Karlkyns þátttakandi hafði sterkar skoðanir á hvernig þau ættu að tileinka sér færni í að tala, og það var ekki bara með að æfa sig að segja fyrirframgefnar setningar sem er að finna í bókunum, heldur kallaði hann eftir því að þau fengju æfingu í að búa til sínar eigin setningar: „But that was a problem for me, that I use certain phrases and I couldn't formulate my own sentences when I needed to change them.“ Áframhaldandi gagnrýni á námsbækur fólst í þeim verkefnum sem þar eru og snertir þörfina fyrir að æfa sig í að tala, þá voru margir orðnir þreyttir á innfyllingaræfingunum og fannst þær ekki skila tilætluðum árangri. „Ok, I can make this exercise and this exercise, and that's all just very easy, but it's not helping you at all in speaking.“

Þátttakendur höfðu áhyggjur af að ekki væri alltaf verið að kenna þeim nútíma íslensku sem Íslendingar töluðu sín á milli heldur „gamaldags íslensku“ sem ekki væri verið að nota í daglegu máli:

Yeah, I can say one thing because many people told me about that, that I am talking like old person [hlær]. And young people don't understand me because I am like too polite and I am, you know, using too much of „kurteisi“ words. So, it is my point [hlær], somehow.

Annar kvenkyns viðmælandi upplifði að hún væri ekki að nota tungumálið rétt eða orðin í réttu samhengi sérstaklega þegar hún vildi vera kurteis, því hefðir og venjur í hennar upprunalandi eru allt aðrar en á Íslandi, hún sagði:

Like „kurteisi,“ polite words, I am like... Because in Polish we have so much, you know, if you are, if you're trying to be very polite, you use a lot of them and people don't understand me sometimes. They are thinking like, this is not the right context you know?

Greina mátti að þátttakendur rýnihópanna vildu geta haft meira val um hvernig námskeið sem þeir sækja eru kennd, bæði hvað varðar kennsluaðferðir og á hvaða tungumáli kennslan fer fram. Einhverjir þátttakendur höfðu prufað að sækja námskeið hjá ólíkum fræðsluaðilum til að finna hvernig nám og kennsla hentaði best:

I went to seven or eight different courses, but that's because I repeat the stages. Like I finished stig þrjú, but I repeated one, two and three each, several times. [...] I went to three or, no four, four or, Retor, which is a Polish school, Tin Can Factory, Mímir, and one more, MúltíKúltí. Yeah, so I went to four different schools, and I also had private tutoring, yeah.

Sumir vildu eingöngu læra íslensku á íslensku „...because it was learning Icelandic in Icelandic and for me it works the best,“ á meðan að aðrir hefðu viljað fá leiðbeiningu á ensku, sérstaklega til að byrja með.

It is funny I have never been able to adjust to that sort of teaching. I always liked a little bit of guidance in English so I kinda get my head around where we are going and what the intent is, so they can ask a question or tell us about an exercise, [...] . But I do, I do like the teaching in Icelandic as I get more and more knowledgeable about Icelandic, yea. So that's my biggest struggle, it has been that.

Þar sem þátttakendur rýnihópanna tala allir ensku er ákveðinn bjagi til staðar hvað varðar þetta sjónarhorn, að vilja læra íslensku á ensku. En ekki er heldur ólíklegt að þeir sem tala enga ensku vildu geta lært íslensku á sínu tungumáli, t.d. pólsku eins og fram kom í viðtali við fræðsluaðila en sumir fræðsluaðilar bjóða upp á íslenskunámskeið á pólsku.

Margir fræðsluaðilar bjóða upp á fjarnám sem viðbót við staðnám og hentar það sérstaklega vel þeim sem ekki geta mætt á staðinn. Þátttakendur rýnihópanna voru þó hrifnari af staðnámi og fannst gaman að geta mætt í tíma og tekið þátt í óformlegu spjalli við aðra nemendur.

Nemendur á landsbyggðinni kvörtuðu helst undan því að stundum kæmi fyrir að ekki væri hægt að bjóða upp á námskeið vegna dræmrar þátttöku. Fræðsluaðilar eru bundnir við ákveðinn fjölda nemenda svo hægt sé að bjóða upp á námskeið. Þátttakendur reyndu að leita lausna við þessu máli því það skipti þá máli að geta sótt námskeið í sinni heimabyggð og var lagt til að stofnanir ynnu meira saman:

If there was more collaboration between the education system and also the University center that way they could have more participants in the classes, because needing to meet six people every time you want to host a class, I am not sure it has been advertised properly, I just, I believe that in [bæjarfélag] it has to be at least six people who want to take the next level but, apparently there isn't so.

Þá voru einhverjir sem hugðust taka fjarnámskeið ef ekki næðist nægur fjöldi til að sækja staðnámskeið í bæjarfélaginu en voru ekki sáttir við að geta ekki tekið staðnámskeið.

Kennarar

Í umræðum um hvað einkenni góðan kennara tóku allir undir þegar þátttakandi nefndi þolinmæði. Góður kennari er sá sem sýnir nemanda sínum þolinmæði og skilning, hvetur hann áfram, fær hann til að spyrja spurninga og getur útskýrt sama atriðið á marga vegu, kennari sem kann sitt fag. Kennari á ekki bara að vera til staðar að kenna heldur þarf hann að geta lesið nemendahópinn og nemandann. Í upprunalöndum nemenda eru ólíkar hefðir og sums staðar viðgengst síður að nemendur tjái sig í tímum, nema með leyfi kennara, og þeir síður hvattir til að spyrja spurninga. Með öðrum orðum þá eru sum skólakerfi strangari en íslenska skólakerfið þegar kemur að þátttöku nemenda í tímum og til þess að fá nemendur til að spyrja í tímum er mikilvægt að hvetja þá til þess. Eftirfarandi tilvitnun lýsir þessu ágætlega:

...for example, I believe it's very important for a teacher to, like, we are from so many different countries, we are from so many different backgrounds. For example, Polish education system is very harsh. And usually what you get out of school is that you should sit quiet, and if you don't know, you don't say. Like, you don't try to answer a question if you don't have, know 100 percent that you're gonna be right.

Þekking kennara á því efni sem þeir kenna kom einnig til tals þegar verið var að ræða hvað einkenndi góðan kennara. Til dæmis að geta útskýrt málfræði fyrir nemendum; þegar nemendur vildu fá slíkar útskýringar sögðu kennarar stundum, „just because...”, just because you have to remember.“ Til dæmis fallbeygingar, nemendur áttu að muna ákveðin tilvik í stað

þess að læra reglurnar. Gæta þarf þess að vanmeta ekki getu fólks til að læra nýtt tungumál, sumir eru fullfærir um að læra málfræðireglur og þá þarf kennari að geta beint þeim áfram hvar hægt sé að fræðast um reglurnar eða komið með skýringarnar í næsta tíma ef kennarinn er sjálfur ekki viss.

Atvinnulífið, samfélagsfræðsla og sýnileiki námskeiða

Að geta sótt íslenskunámskeið á vinnutíma var eitt þeirra atriða sem rætt var í rýnihópunum. Stór hópur innflytjenda vinnur langa vinnudaga og hefur síður tæk á að sækja sér tungumálanám að loknum vinnudegi. Það myndi hjálpa þeim hópi að læra íslensku ef þeir gætu lært hana í vinnunni. Einhverjir fræðsluaðilar fara með námskeið á vinnustaði en vafalaust gætu fleiri vinnustaðir boðið starfsfólki sínu upp á íslenskunámskeið á vinnutíma. Þannig myndi ábyrgðin á íslenskuþekkingu og leikni ekki aðeins hvíla á einstaklingunum heldur einnig á vinnuveitendum. Lagt var til að vinnuveitendur sem sæktu í starfsfólk erlendis frá ætti að láta það koma fram í starfsauglýsingunni að hluti af starfinu væri að læra íslensku:

...you should also like announce it in job announcements or just introduce like a part of your work here is also learning language and not just like doing the work you are employed for and that's just a part of it.

...if you are a construction worker, you are working ten hours a day. It's a very hard job and you are expected to come back home, have dinner, and go and study for two and a half hours and learn about grammar. No wonder they don't speak Icelandic. No wonder everybody in the construction sites speaks Polish. They just, there is no way that they're gonna learn.

Samfélagsfræðsla var annað sem þátttakendur töldu að myndi gagnast sér. Að þeirra mati skortir slíka fræðslu í almennum íslenskunámskeiðum en samkvæmt námskrá er lögð áhersla á að námsþættir í íslenskukennslu fyrir útlendinga eigi að snerta persónulega og félagslega færni ásamt starfsfærni (Menntamálaráðuneyti, 2008). Þá kom fram að þrátt fyrir að sumir hefðu sótt fjölda íslenskunámskeiða þá gætu þeir ekki lesið mikilvæg skjöl og pappíra: „Even if you get læknisvottorð, you have no idea what they wrote there. Even though you have been to four different courses you don't know, you don't understand it.“ Til að innflytjendur geti bætt stöðu sína á vinnumarkaði, húsnæðismarkaði og annars staðar í samfélaginu er mikilvægt að þeim sé boðið upp á praktískt íslenskunámskeið þar sem farið er yfir þá þætti sem skipta máli fyrir fólk sem er að fóta sig á nýjum stað:

Yeah, you know, you have to understand your, for example, job contracts, housing contracts, laws, your rights. Also, job opportunities, if you're planning to have kids the childcare you know. All kinds of documents and I mean, it's way more options just to live in, when you live in Iceland you know, and you know the language, other than the, without the language.

Til þess að geta haft meira val um tegund námskeiða er mikilvægt að sérstaða námskeiða hjá hverjum fræðsluaðila fyrir sig sé betur skilgreind og gerð opinber. Þátttakendur kölluðu eftir að þessar upplýsingar væru aðgengilegar á einum stað, t.d. á heimasíðu sem innflytjendur skoða vegna veru sinnar á landinu, heimasíða Útlendingastofnunar var nefnd í þessu samhengi:

Maybe if there was like a one place on the UTL website that had all of the available options and how you can learn Icelandic when you arrive in the country. So, I feel like all these different options of classes, and I didn't even hear of half of these classes' you guys took before now. So having one place you know all immigrants visit like the UTL website I think, would be... you know people are going there and they are going to see it so...

NIÐURLAG

Markmið úttektarinnar var að greina gæðastarf viðurkenndra fræðsluaðila, tækifæri til umbóta og auka gæðavitund fræðsluaðila til hagsbóta fyrir fullorðna innflytjendur þannig að umgjörð málaflokksins og námsþjónusta þróist. Fræðsluaðilar sinntu allir gæðastarfi en greina mátti að úttektin efldi enn frekar gæðavitund þeirra og gaf þeim tækifæri til að huga að og koma á framfæri því sem betur mætti fara í íslenskukennslu fyrir fullorðið fólk. Skýrari umgjörð þarf um íslenskukennslu fyrir útlendinga, til að mynda þarf að uppfæra námskrá og samræma Evrópska tungumálarammanum, endurnýja námsefni og skýra betur hvers konar gæðakerfi hentar fyrir íslenskukennsluna. Kennslukannanir eru eitt aðal verkfæri fræðsluaðila til að meta gæði náms og kennslu. Kannanir sem fræðsluaðilar leggja fyrir nemendur eru mjög ólíkar og til að hægt sé að bera saman niðurstöður úr könnunum væri gagnlegt ef til væri miðlægt sniðmáti að kennslukönnunum. Kallað var eftir meiri áhuga á málaflokknum frá stjórnvöldum og skýrari stefnu og ramma utan um námið. Jafnframt er mikilvægt að tryggja áframhaldandi fjölbreytni á meðal fræðsluaðila þannig að nemendur hafi tækifæri til að velja námskeið við hæfi.

HEIMILDIR

Esterberg, K. G. (2002). *Qualitative methods in social research*. McGraw-Hill.

Lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010.

Menntamálaráðuneyti. (2008). *Námskrá: Íslenska fyrir útlendinga – grunnnám*.

Reglugerð um framhaldsfræðslu nr.1163/2011

Sóley Sesselja Bender (2021). *Rýnihóparannsóknir*. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri).

Rannsóknir: Handbók í aðferðafræði. Bls. 277 – 296. Háskólinn á Akureyri.